



Norðurorka hf. framleiðir og selur heitt vatn og er dreifi-veitusvæðið allur Eyjafjörður nema Dalvíkurbyggð. Þá rekur fyrirtækið vatnsveitu á Akureyri og í þremur öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð og annast raforkudreifingu á Akureyri. Norðurorka hf. starfar samkv. vottuðu gæðakerfi ISO 9001 og er DMM viðhaldsstjórnunarkerfi hluti af því kerfi.

Starf forstjóra Norðurorku hf. er laust til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum og kraftmiklum aðila til að leiða rekstur og áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Innri og ytri samskipti

Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og/eða reynsla af orkumálum er kostur
- Leiðtogahæfni
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum